

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2018

Nýliðið ár var félaginu um margt hagstætt og gróska í starfinu er veruleg. Ber þar að þakka því að í félaginu er sterkur kjarni áhugafólks sem ber hag þess fyrir brjósti og hópur ungs fólks hefur gengið til liðs við það undanfarin misseri. Sér þessa stað m.a. í fjölda ferða og góðri aðsókn í aðra viðburði á vegum félagsins.

Aðalfundur var haldinn 27. febrúar þar sem Tómas Jóhannesson stýrði fundi og Finnur Pálsson var fundarritari. Ekki urðu breytingar í aðalstjórn á fundinum og verkaskipting stjórnar var óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn JÖRFÍ 2018

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi.

Varastjórn:

Hálf dán Ágústsson, Vilhjálmur S. Kjartansson, Þóra Karlsdóttir og Sigurður Vignisson.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanevnd:

Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd:

Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Þórður Örn Reynisson.

Skálanefnd:

Sverrir Hilmarsson formaður, Aðalsteinn Svavars-son, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunn-

ar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanevnd:

Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson, Vilhjálmur Kjartansson og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórnar Jökuls:

Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls:

Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Detrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd:

Herdís Schopka, Katla Sigríður Magnúsdóttir, Ísleifur Friðriksson og Karl Stefánsson.

Valnefnd:

Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Fulltrúi í SAMÚT:

Björn Oddsson, Árni Páll Árnason til vara.

GJÖRFÍ-nefnd:

Þóra Karlsdóttir og Ástvaldur Guðmundsson.

Félagatal:

Hálf dán Ágústsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Geymsla í Mörk: Alexander Ingimarsson.

Erlend úskrift: Bóksala stúdenta.

FÉLAGATAL

Félagatalan hefur heldur hækkad á árinu en ekki er víst hvort það tengist raunverulegri aukningu eða því að á skránni séu margir sem ekki hafa borgað árgjöld í einhvern tíma, en almenna reglan er að fólk hverfi af félagaskránni þegar það hefur ekki borgað í þrjú ár.



Viðhald Esjufjallaskála í ágúst 2018. Í fjarska sést Snókur í Vesturbjörgum. – *Maintenance of the hut in Esjufjöll in August 2018.* Ljósmynd/Photo. Magnús Tumi Guðmundsson.



Nýi skáli í Jökulheimum nýmálaður í ágúst 2018. – *The Jökulheimar with a fresh coat of paint in August 2018.* Ljósmynd/Photo. Eiríkur Kolbeinsson.

Enginn fær þó Jökul fyrr en sá hinn sami er búinn að greiða félagsgjaldið. Heiðursfélagar eru 17, almennir félagar 532, fjölskyldufélagar 22 og námsfólk 50. Fyrirtæki og stofnanir eru 31. Samtals eru þetta 652 félagar og aðilar. Erlendir áskrifendur Jökuls eru tæplega 50, en þeim fækkar heldur.

RANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár snérust rannsóknir félagsins um vorferð á Vatnajökul, mælingar á afkomu á Mýrdalsjökli og sporðamælingar.

1. *Afkomumælingar á Mýrdalsjökli.* Mælt var í maí að venju og tókust þær mælingar vel. Teknar voru þrjár



Hópurinn sem fór í septemberferð í Jökulheima. – *Participants of the Jökulheimar trip in September.* Ljósmynd/Photo. Hrafnhildur Hannesdóttir.

afkomuholur uppi í öskjunni. Jafnframt var sett upp veðurstöð á söðlinum milli Sólheima- og Kötlujökla. Stöðin var sótt um haustið og mældar stikur í öskjunni. Ekki var unnt að fara norður á Sléttjökul nú eins og í fyrra og því náðust ekki mælingar frá þeim hluta jökulsins.

2. *Vorferð 1.–9. júní.* Vorferðin var að hluta tvískipt. Annarsvegar var hefðbundin ferð en hinsvegar var umfangsmikill leiðangur á Örefajökul til að kanna þar afkomu, íssjarmæla sigketilinn í miðju öskjunnar, mæla þykkt árlags með snjóratsjá og gera viðnámsmælingar með TEM tækjum. Því verki stýrðu sérfræðingar Ísor. Auk hefðbundinna verkefna var vitjað um sigkatla í Bárðarbungu og afkoma mæld á allmörgum stöðum. Meðal annars voru gerðar gasmælingar í Bárðarbungu þar sem mælitækjum var slakað niður þverhníptan ísvegg ofan í annan ketilinn sunnan í Bungunni. Vorferðin gekk vel enda veður með eindæmum gott.

3. *Sporðamælingar.* Mælingar voru nú með svipuðu sniði og undanfarin ár. Bergur Einarsson og Tómas Jóhannesson gengu á árinu frá minnisblaði um notk-

un GPS handtækja við mælingar og er það nú komið í hendur sporðamælingafólks. Jöklar hopa hratt, eins og verið hefur undanfarin aldarfjórðung. Þetta hop jöklanna er eitt skýrasta merkið um þær loftslagsbreytingar sem nú eiga sér stað.

FUNDIR

Eftir hefðbundin störf aðalfundar í febrúar horfðum við á nokkrar stuttar kvikmyndir eftir Árna Stefánsson frá árunum kringum 1950, myndir Árna Kjartanssonar úr vorferðinni 1955, mynd Sörens Sörenssonar um ferð yfir Hófsvað á Tungnaá í Veidivötn upp úr 1950 og í lokin var stuttmynd Kötlu Sigríðar Magnúsdóttur úr vorferðinni 2017. Á vörfundum 17. apríl voru tvö erindi. Í því fyrra fjallaði Ólafur Ingólfsson um jökulinn sem lá yfir Íslandi á síðasta jökulskeiði en eftir hlé sagði Hallgrímur Magnússon frá mikilli skíðaferð nokkurra félaga um fjöll og jökla Austur-Grænlands. Á haustfundinum 6. nóvember fjölluðu Kristín Jónsdóttir og Halldór Geirsson um þá ókyrrð í Örefajökli sem hófst árið 2017 og eftir hlé var sýnd kvikmynd sem Katla Sigríður hefur gert um vorferðina 2018. Aðalfundinn sóttu 45–50 manns, á vörfundum voru 65



Kvöldstemning á sunnanverðri Bárðarbungu í vorferðinni 2018. – *On the southern slopes of Bárðarbunga in the 2018 spring expedition.* Ljósmynd/Photo. Þórdís Högnadóttir.



Íssjáin á Öraefajökli í vorferðinni. Óvenjuleg þýða í lok maí olli því að jökulyfirborðið var mjög óslétt. – *The radio-echo sounder in the summit caldera of Öraefajökull in June 2018.* Ljósmynd/Photo. Anna Líndal.

en haustfundurinn er einn sá fjölmennasti sem félagið hefur haldið í mörg ár, fundargestir voru 130.

ÚTGÁFA JÖKULS, FRÉTTABRÉF OG VEF-SÍÐA

Jökull 67 kom út í febrúar. Í þetta sinn var ritið 88 bls. og í því þrjár ritrýndar fræðigreinar og 28 blaðsíður af ýmsu efni á íslensku. Ekki urðu breytingar á ritstjórn.

Á árinu skannaði Landsbókasafn eldri árganga Jökuls og gerði tímaritið aðgengilegt á vefnum timarit.is. Nú er hægt að finna allt efni Jökuls þar nema tvö síðustu heftin. Þetta eru mikil tímamót og mun vonandi verða til þess að auka lestur greina sem birtast í Jökli. Afkomendur Jóns Eypórssonar, stofnanda félagsins, Jökuls og fyrsta ritstjóra þess styrktu þetta verkefni og kann félagið þeim miklar þakkir fyrir. Hópur á vegum rannsóknanevndar og ritstjóra vinnur nú að aðgengilegu efnisyfirliti á vef félagsins, jorfi.is, með tengingu yfir í timarit.is.

Bóksala stúdenta sér um dreifingu erlendis. Umsjón með vefsíðu og fréttabréfi hefur Hálfván Ágústsson.

SKEMMTIFERÐIR

GJÖRFÍ göngur voru margar farnar á síðasta ári. Dagskráin hefur verið auglýst í fréttabréfinu og er öllum frjálst að taka þátt. Sumarferð var farin í Setur og sunnanverð Kerlingarfjöll 10.–12. ágúst. Verður var mjög gott á laugardeginum en þá gekk hópurinn á Kisubotnahnjúk auk þess sem sumir fóru áfram norður á Eyvind til að kanna heilsu Eystri Loðmundarjökuls. Þátttakendur voru 25. Að auki var farin haustferð í Jökulheima 21.–23. september, en fyrir henni stóð hópur sem gjarnan vill endurverkja 13. september ferðina sem farin var í Jökulheima um áratugi. Ferðin tókst vel og þátttakendur voru 17.



Nýtt jarðhitasvæði kom undan ís í suðvesturhorni Grímsvatna og var það kannað í vorferðinni 2018. – *Inspection of a newly exposed geothermal area in the SW corner of Grímsvötn. Ljósmynd/Photo. Anna Líndal.*

SKÁLAMÁL

Skálanefnd fór þrjár vinnuferðir á Grímsfjall á árinu, 9.–11. mars, 8.–10. júní og 6.–9. september. Unnið var í frágangi og endurbótum á kælikerfi rafstöðvar í samvinnu við Neyðarlínuna sem greiddi hluta kostnaðar við ferðirnar. Einnig voru hús máluð, hiti lagaður og dittað að þar sem með þurfti. Farnar voru viðhaldsferðir í Jökulheima og gert við miðstöðvar. Þá tók Eiríkur Kolbeinsson sig til og dvaldi um tíma í Jökulheimum í ágúst og málaði þar öll húsin. Í haust var síðan árleg frágangsför í Jökulheima. Í ágúst fór fjögurra manna hópur í Esju fjöll, bar á glugga, skipti um sólar sellu og kannaði aðstöðu fyrir kamar. Öll eru þessi hús nú í góðu ástandi. Nokkrar samræður áttu sér stað við Vatnajökulsþjóðgarð um framtíð Breiðár, bragans okkar á Breiðamerkursandi sem reistur var sumarið 1951. Hann er elsta jöklahús landsins sem nú er uppistandandi. Engin niðurstaða er komin í þær samræður en gagnkvæmur vilji er fyrir því að húsið fá í senn að standa sem minnisvarði um upphaf skipulegra jökklarannsókna á Íslandi og geti jafnframt þjónað nægjusömum vísindamönnum sem nýta húsið öðru hvoru við rannsóknir á Breiðamerkursandi.

BÍLAMÁL

Bíll félagsins gegndi að venju mikilvægu hlutverki í vorferð, fór á Mýrdalsjökul í vormælingarnar auk vinnuferða á Grímsfjall og í Jökulheima. Fyrri hluta ársins fékk hann að standa á svæði Gámaþjónustunnar en þegar þar gerðist plásslítið tók formaður bílanefndar hann til geymslu heima hjá sér suður í Vogum. Engar bilanir komu upp og má þakka það góðu fyrirbyggjandi viðhaldi bílanefndar.

ÁRSHÁTÍÐ

Árhátíð félagsins var haldin 17. nóvember og heppnaðist mjög vel að venju. Þátttaka var með besta móti en húsfyllir var með rúmlega 70 gestum. Útílífsbúðin Fjallakofinn bauð upp á fordrykk en síðan var haldið í ágætan veislusal á Smiðjuvegi. Stjórn félagsins ákvað að bjóða heiðursfélögum til hátíðarinnar í þetta sinn og þáðu margir þeirra boðið.

LOKAORÐ

Jökklarannsóknafélagið er nú að hefja sitt 69. starfsár. Það styttist í 70 ára afmælið sem verður í nóvember á næsta ári. Enn eru virkir í félaginu tveir stofnfélaganna, þeir Ólafur Nielsen og Haukur Hafliðason, sem gengu í þetta nýja félag þegar þeir voru rétt skriðnir yfir tvítugt. Félagið hefur áorkað miklu á þessum tíma. Það fósraði rannsóknir á jöklum á tímum þegar ekki voru öðrum til að dreifa til að taka upp það merki. Félagið hefur byggt upp aðstöðu á lykilstöðum og ber þar hæst skálana á Grímsfjalli sem eru bækistöð rannsóknaleiðangra. Húsin gera einnig mögulegan rekstur margvíslegs mælibúnaðar sem fylgist með þessu eldvirkasta svæði landsins. Í dag skapar félagið vettvang fyrir sjálfbóðaliðastarf af ýmsu tagi: Sporðamælingar, afkomumælingar á Mýrdalsjökli, vorferðir og viðhald og byggingu skálanna. Félagið þarf stöðugt að endurnýja sig til að nýtt fólk komi í stað þeirra sem draga sig í hlé. Það var gleðilegt að sjá margt ungt fólk í ferðum félagsins á síðasta ári og áhugi fyrir næstu vorferð er mikill, einkum hjá ungu og upprennandi jöklafélki. Meðan félagið heldur áfram að vera vettvangur öflugs starfs sem margir vilja koma að er framtíðin björt.

Flutt á aðalfundi 26. febrúar, 2019.

Magnús Tumi Guðmundsson